

Ed.

43. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkuðla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði aftan við 13. gr. laganna fellur úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Greinargerð.

Þegar lögín um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkuðla voru sett, 1936, þótti ekki tiltækilegt að svo stöðdu að láta þau koma til fullra framkvæmda, að því er snerti aðra sjúkdóma en berklaveiki, holdsveiki og kynsjúkdóma. Styrkveitingar til sjúklinga, sem haldnir eru öðrum langvarandi sjúkdómum, voru því með sérstöku bráðabirgðaákvæði takmarkaðar við upphæð, sem ákveðin skyldi í fjárlögum ár hvert. Mestur hluti þessarar upphæðar hefur jafnan síðan runnið til greiðslu á meðlagskostnaði geðveikisjúklinga á hæli eða sjúkrahúsum og því tiltölulega lítið verið hægt að liðsinna þeim sjúklingum, sem haldnir eru öðrum langvarandi sjúkdómum.

Sjúkrasamlögín greiða sjúkrahússvist fyrir meðlimi sína í aðeins 26 vikur fyrir einn og sama sjúkdóm. Meðan takmörkun sú á ríkisframbærslunni, sem í bráðabirgðaákvæðinu felst, er í gildi, eiga því þeir sjúklingar, sem þjást af langvarandi sjúkdómum, öðrum en berklaveiki, holdsveiki og kynsjúkdómum, allt í óvissu um það, hvort þeir fá nokkurn sjúkrastyrk eða hversu mikinn, þegar réttur til sjúkrahússvistar á kostnað samlagsins er þrotinn. Endurskoðun alþýðutryggingalaganna, þar á meðal kaflans um sjúkratryggingar, stendur nú yfir. Verði bráðabirgðaákvæðið fellt úr gildi, þannig að ríkisframbærslulögín komi til fullra framkvæmda, að því er snertir alla alvarlega, langvarandi sjúkdóma, er ekki ósennilegt, að fært þyki að lengja þann tíma, sem sjúkrasamlögín greiða sjúkrahússvist vegna annarra sjúkdóma.

Í frv. er því lagt til, að umrætt bráðabirgðaákvæði verði fellt úr gildi og lögín um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkuðla látin koma til framkvæmda að fullu frá næstu áramótum. Skilgreining þess, hvað telja beri alvarlega, langvinna sjúkdóma, er að finna í reglugerð frá 20. janúar 1938.

Nánar í framsögu.